

Mál nr. 71/2015**M
og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður í skólaseli varð fyrir meiðslum er hún rann til í hálfu á skólalóð.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 18.2.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 18.3.2015.

Málsatvik.

Laust eftir kl. 13 hinn 14.11.2013 var M að fylgja nemendum á milli húsa á lóð grunnskólans í sveitarfélaginu S sem starfræktur er af sveitarfélaginu. Rann þá M í hálfu á skólalóðinni. Við það datt hún og varð fyrir meiðslum á hægri öxl. M kveðst hafa kl. 12 beðið um að salt eða spæni yrði dreift yfir svæðið en það hafi ekki verið gert þar sem hvorugt efnið hafi verið til. Slysið var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins (VER) 5.12.2013.

M kveður slysið mega rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna skólans. Samkvæmt gögnum frá Veðurstofnunni um veður á Eyrarbakka hafi rigning og fjögurra stiga hiti verið á slysdegi en deginum áður hafi hiti verið um frostmark og jörð þakin snjó að verulegu leyti. Með því að tilkynna um slysið til VER svo seint sem raunin var hafi eftirlitið ekki getað sinnt lögmæltri skyldu sinni til að kanna orsakir slyssins. Með því að hafa ekki gert ráðstafanir til að uppræta hálkuna hafi ekki verið fullnægt þeim öryggiskröfum sem mælt er fyrir um m.a. í 1., 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 3. mgr. 20. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, sbr. og 3. gr. reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða.

Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði mun M hafa orðið óvinnufær af völdum slyssins 22.11.2013 eða átta dögum eftir að það gerðist. Verður ekki séð að skylda til að tilkynna VER um slysið, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980, hafi stofnast fyrr en þá. Var þá um seinan að rannsaka aðstæður á vettvangi. Gögn um veður á Eyrarbakka slysdaginn og eftir atvikum dagana á undan geta ein og sér ekki sagt mikið um aðstæður á grunnskólalóðinni í S um það leyti sem M slasaðist. Starfsmenn skólans munu ekki hafa kannast við erindi M um að ráðstafanir hafi þurft að gera til að eyða hálfu á lóðinni. Af frásögn M má ráða að hálfu sú er hún rann á hafi fyrst myndast á skólalóðinni um hádegisbil er hún taldi þörf á ráðstöfunum til að eyða hálfunni. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins að öðru leyti um hálkumyndunina og aðstæður á skólalóðinni þar sem slysið varð. Að öllu virtu verður ekki talið sannað að slys M megi rekja til vanrækslu starfsmanna skólans að bregðast við hálfunni eða annarra atvika sem S getur borið ábyrgð á. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 9. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.